

5. mars 1986

195

Nr. 108

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingar ökutækja.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. málsg. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, er ákveðið, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. málsg. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 33 600 000,00 fyrir hvert vélknúið ökutæki, sem flytja má fleiri farþega en tíu, og kr. 16 800 000,00 fyrir önnur ökutæki.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 73. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, er ákveðið, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skuli vera kr. 5 600,00, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella ber hann ábyrgð á tjóninu að fullu.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 8. mars 1986. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 105 22. febrúar 1985 um ábyrgðartryggingar ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. mars 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

21. febrúar 1986

Nr. 109

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 236 frá 9. júní 1976.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launanefnd sveitarfélaganna fer með fyrirvar sveitarfélaga að fengnu umboði sveitarstjórna og sýslunefnda að því er varðar gerð aðalkjarasamnings. Að öðrum kosti fer sveitarstjórn eða sýslunefnd með gerð aðalkjarasamnings. Aðalkjarasamningur, sem gerður er af Launanefnd sveitarfélaganna, þarf ekki staðfestingu viðkomandi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir og sýslunefndir fara með fyrirvar síns sveitarfélags, að því er varðar gerð sérkjarasamninga við starfsmenn sína. Heimilt er sveitarstjórn að fela Launanefnd sveitarfélaganna gerð sérkjarasamninga.